

# Ársskýrsla / Erlend verkefni 2013-2014

## I. LEONARDO Menntaáætlun ESB - VERKEFNI

### A. Leonardo – Mobility (nemendur)

Verkefni: [2012-1-IS1-LEO01-01850](#)

VMA fékk styrk að upphæð 22.632 evrur til tveggja ára (2012-2014) fyrir nemendur í starfsmenntun að fara í starfsþjálfun til Evrópu. Styrkurinn átti að duga til að senda 6 nemendur í sjúkraliðanámi í 3ja vikna starfsnám til Finnlands og Danmerkur og 4 nemendur af matvælabrautinni að fara í 2ja vikna starfskynningu til Finnlands.

Seinna á skólaárinu 2012 fékk VMA viðbótarstyrk upp á 7.479 evrur sem dugar til að senda 3 sjúkraliðanemendur til Finnlands eða Danmerkur.

Í janúar 2014 fóru 3 nemendur af sjúkraliðabraut Verkmenntaskólans í starfsþjálfun til Randers í Danmörku og 2 nemendur af sjúkraliðabrautinni fóru til Lahti í Finnlandi.

Ekki varð úr því að senda nemendur af matvælabrautinni til Finnlands því móttökuskólinn sá sér ekki fært að taka á móti nemendum fra VMA vorönn 2014.

Þessu verkefni lauk vorönn 2014. Samtals fóru 11 nemendur af sjúkraliðabraut VMA í starfsnám til Randers og Lahti.

Verkefni: [2013-1-IS1-LEO01-02651](#)

Einnig fékk VMA úthlutað 8.724 evrur fyrir 3 (sjúkraliða)nemendur til að fara í starfsþjálfun til Evrópu (Finnlands og Danmerkur).

Sótt var um viðbótarstyrk að upphæð 2908 evrur 27.05.2014.

Samtals er styrkurinn því 9172 evrur (1560 evrur eru eyrnamerkta umsýslu VMA).

Þessi styrkur dugar fyrir 4 nemendur í 3 vikna vinnustaðanámi í Finnlandi eða Danmörku.

**ATH. Þessi styrkur þarf að nýtast fyrir 31. maí 2015.**

## B. Leonardo – Mobility (kennarar)

Verkefni: [2013-1-IS1-LEO03-02675](#)

Haust 2013 fékk VMA úthlutað 3.340 evrur fyrir 2 kennara til að fara í 'starfsþjálfun' í viku. Heiti verkefnisins er '*Challenging the theoretically weak students by focusing on work placement*'.

Svava Magnúsdóttir heimsótti verkmenntaskóla (Tech College) og stofnunar í Álaborg í Danmörku og skoðaði hvernig danir halda utanum sínar nemendur og reyna að fyrirbyggja brottfall.

Annette J. de Vink heimsótti verkmenntaskóla (Noorderpoort College) og stofnunar í Groningen í Holland og skoðaði úrræði fyrir nemendur sem eru í brottfallshættu.

ATH. Báðir skólarnir tengjast VMA í umsókn (2014-16) um samstarfsverkefni (Erasmus +) sem á að fjalla um 'finishing secondary education', ásamt öðrum skólum sem hafa þegar tengst VMA í öðrum erlendum verkefnum: Axxell Utbildning í Finnlandi og Charlottenlund í Þrándheimi í Noregi.

**C. Leonardo da Vinci yfirfærsluverkefnið WORK MENTOR** er tveggja ára verkefni sem hófst árið 2011 og lauk 2013. Verkefnið snýst um að mennta þá sem leiðbeina nemendum í starfsþjálfun. Jóhannes Árnason var verkefnisstjóri verkefnisins. Nokkrir kennarar VMA hafa tekið þátt í verkefninu. Verkefnið snýr að því að undirbúa vinnustaði og leiðbeinendur á vinnustöðum til að taka á móti nemendum sem koma í starfsþjálfun og vinnustaðanám. WorkMentor verkefnið er hluti af verkefnaöð sem snýst um að yfirfæra það sem hefur verið unnið í þróunarverkefnum Leonardo yfir á fleiri skóla, nánar tiltekið að vinna með aðferðir við vinnustaðanám þar sem markmiðið er að nemendur skili ferilbók um það sem þeir hafa verið að gera í vinnustaðanáminu. Verkefnið er unnið í samstarfi við sjö aðra framhaldsskóla í Evrópu. VMA fékk tæplega 30. m. kr. styrk til að stýra verkefninu og til að kosta vinnuna sem snýr að því. Á vorönn 2013 var haldið námskeið fyrir leiðbeinendur á vinnustöðum en námskeiðið var skipulagt og þróað innan verkefnisins. Góð þátttaka var á námskeiðinu og ánægja hjá vinnustöðum með að fá þessa starfsfóstrafræðslu og vera þannig betur undirbúnir fyrir það að taka á móti nemendum í starfsþjálfun. Síðasti fundur verkefnisins var haldinn á Akureyri í október og voru aðstandendur verkefnisins með málstofur á ráðstefnunni *Samtal og samræða allra skólastiga* sem haldin var á Akureyri 4. október.

(1 febrúar 2014 fór Jóhannes til Brussel til að kynna verkefnið á ráðstefnu.)

[http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Work\\_Mentor](http://workmentor.vma.is/wiki/index.php/Work_Mentor)

**D. Leonardo da Vinci yfirfærsluverkefnið SOS Mobilities** (2013-1-F11-LEO05-12543) er tveggja ára verkefni sem hófst 2013 og er stýrt af Axxell

Utbildning í Finnlandi. Þrír kennarar í VMA taka þátt í verkefninu, Harpa Jörundardóttir, Ómar Kristinnsson og Haraldur Vilhjálmsson.

Fyrsti fundurinn var haldinn í VMA í desember 2013. VMA tók á móti samtals tíu gestum frá Finnlandi, Frakklandi, Svíþjóð og Þýskalandi. Þrír kennarar frá VMA fara út til Berlínar á vegum verkefnisins í júní 2014 og fimm kennarar til Frakklands í október 2014.

## II. NORDPLUS

Verkefni: [NPAD-2013/10293](#)

Á þessu skólaári tók VMA þátt í Nordplusverkefni sem heitir "*Sharing good practices in vocational Training for automotive technology and transport*". Þátttökulöndin eru Eistland, Finnland og Ísland. Fyrsti fundurinn var haldinn í Eistlandi í mars 2014. Kennarar sem fóru út voru Garðar Lárusson, Haraldur Vilhjálmsson og Kristján Kristinnsson. Næsti fundurinn var haldinn í Finnlandi í apríl 2014 (Bragi Finnbógason, Haraldur Vilhjálmsson og Kristján Kristinnsson fóru út).

VMA fékk úthlutað 6.600 evrur fyrir ferðir og upphald í Eistlandi og Finnlandi. Lokafundurinn verður haldinn á Akureyri 15.-19. september 2014.

## III. Heimsóknir að utan

Á þessu skólaári var ekki eins mikið um heimsóknir að utan og árið á undan. Nokkrir starfsmenn frá framhaldsskóla í Þrándheimi (Charlottenlund) komu og heimsóttu VMA og þessi skóli sótti um 2 styrki (Nordplus og Erasmus +) með VMA sem samstarfsaðila (partner). Charlottenlund hefur mikinn áhuga á nemendaskipti milli skólanna tveggja á ýmsum sviðum þ.a.m. hárgreiðslunemendur.

Það er planlögð heimsókn frá þessum skóla til Akureyrar 10. júní 2014.

## IV. Nemendur að utan í starfsþjálfun á Akureyri

Samstarfsskólinn Axxell Utbildning í Finnlandi sendi nemanda í 8 víkna starfsnám haustönn 2013. Nemandinn fékk vinnu í Backpackers-hótel á Akureyri. V/veikinda var ákveðið að senda nemandann heim fyrr.

Samstarfsskólinn Salpaus í Lahti senti 2 nemendur í apríl 2014 sem unnu á Hlíð. Samstarfsskólinn í Randers senti 3 nemendur í febrúar og maí 2014 sem fengu vinnu á Hlíð, Lögmanshlið og Kristness.

## V. Hvað er framundan?

Ný menntaáætlun ESB tók gildi á þessu ári (2014). Nýja kerfið heitir Erasmus +. Nú þurfti að senda inn eina umsókn þar sem er sótt um fyrir bæði nemendur og kennara. VMA sótti um 30 styrki til tveggja ára (2014-2016), 20 fyrir nemendur í starfsþjálfun og 10 fyrir kennara.

Samstarfsskólar í umsókninni eru 6:

- Tech College í Álaborg, DK
- Noorderpoort College í Groningen, NL
- Social- og sundhedsskolen í Randers, DK
- Axxell Utbildning í Karis, FI
- Salpaus í Lahti, FI
- Ludwig-Wolker Haus í Berlín, DE

*(Upphæðin sem sótt er um er samtals 68.620,00 evrur.)*

Jóhannes Árnason lagði inn umsókn um samstarfsverkefni með samstarfsaðila úr Workmentor-verkefninu. Nýja verkefnið snýst um að 'máta' Mentor-verkefnið inn í gæðakerfi skóla. Heiti verkefnisins er 'WordQual'.

Samstarfsskóli VMA í Randers (Social- og sundhedsskole) sækir um styrk (Erasmus +) til samstarfs við VMA. Annar samstarfsaðili er Social og sundhedsskolen í Álaborg og kennari frá þessum skóla ætlar að heimsækja VMA 13. júní nk.

Samstarfið snýst m.a. um nemendaskipti.

Samstarfsskóli VMA, Charlottenlund í Þrándheimi í Noregi sækir um Nordplus styrk v. kennara og nemendaskipti. Þessi skóli sækir einnig um samstarfsstyrk í Erasmus + sem ber heitið '*Finishing secondary education*'. Samstarfsskólar í þessu verkefni eru, fyrir utan VMA, fyrrnefndu skólar í Danmörku, Finnlandi og Hollandi.

Verkefnið snýst um að finna leiðir til að minnka brottfall úr framhaldsskólum, finna leiðir til að fleiri nemendur geti lokið framhaldsskólanámi.

04.06.2014  
Annette J. de Vink